

75

29. ágúst

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 kr. sektum er renna í sýslu-vegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Á samþykkt þessari skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. september 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. ágúst 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

76

31. ágúst

REGLUGERÐ

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Borgarnesshreppi.

I. KAFLI.

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Borgarnesshreppi skal falin þriggja manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri, og 1 maður, er hreppsnefndin kýs til þriggja ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefndin skal hafa eftirlit með að hlýtt sé fyrirmælum laga um varnir gegn eldsvoða og að eldvarnaráhöldum sé haldið vel við. Hún skipar fyrir um árlegt eftirlit með eldsstæðum, reyk háfum, hreinsun þeirra og um varúð alla, er hafa skal í húsum, til að fyrirbyggja eldsvoða (uppkomu).

II. KAFLI.

76

31. ágúst

Hver slökkvitæki hreppurinn skuli eiga, og viðhald þeirra.

3. gr.

Borgarnesshreppi er skylt að eiga í nothæfu standi þessi slökkvitæki: Slökkvidælu, slöngur, stiga og önnur smærri áhöld, svo sem björgunardúk, brunastjaka o. fl.

Áhöldum þeim, er hreppurinn leggur til, skal á kostnað hreppsins haldið vel við.

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að bæta við slökkvitækin, skal hún leggja það til við hreppsnefnd, að svo verði gert.

4. gr.

Slökkvitæki hreppsins skulu geymd í sérstöku húsi. Lykill að því skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, vara-slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, er þurfa þykir.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjón brunamálanefndar eftirlit með slökkvitækjum, ber ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við hver árslok sendi slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal jafnframt getið um hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI.

Skipun slökkviliðs.

6. gr.

Allir karlmenn í hreppnum, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, frá því þeir eru 20 ára til 60 ára, nema sjúkleiki hamli. Frá þessu ákvæði er þó sóknarprestur, læknir, lyfsali og símastjóri undanskildir.

7. gr.

Í slökkviliði hreppsins skulu vera þessir menn: Slökkviliðsstjóri, vara-slökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunakallarar. Við þessa tölu má bæta ef þörf krefur.

76

31. ágúst

8. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnari alls slökkviliðsins. Auglýsa skal árlega á ákveðnum stað, hver sé slökkviliðsstjóri, og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera á brottu úr hreppnum báðir í senn, nema þeir hafi leyfi oddvita eða lögreglustjóra til fjarverunnar.

9. gr.

Hreppsnefndin skipar slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra til þriggja ára í senn, eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður hina aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgðar, en allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gengt starfi sínu í slökkviliðinu. Flokksstjórar skulu skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr hreppnum daglangt, og liggur sekt við, ef það er vanrækt.

10. gr.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri hafa þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvæðum sveitarstjórnar, aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess, eftir taxta er hreppsnefndin setur í janúar ár hvert. Þeir sem skemma fót sín í þágu brunaliðsins við bruna, eiga rétt á því að fá skemmdirnar greiddar af hreppssjóði.

11. gr.

Hreppsnefndin ákveður eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

12. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á því, að ávallt sé nógu margir í slökkviliðinu, og að það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrirkomid og allt hvað gera skuli til að slökkva eld og varna útbreiðslu. Þó má ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu eldsins, nema með samþykki lögreglustjóra eða hreppstjóra. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur vara-slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórnina á hendi sá af liðsmönnum, er slökkviliðsstjóri hefir fyrirfram ákveðið til þess.

13. gr.

Sérhver slökkviliðsstjóri er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til að slökkva eld, þegar hann er til þess kvaddur, hvar sem er innan

hreppsins og hlýða í öllu því, sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má **76**
 heldur, án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, eða slökkvi- 31. ágúst
 liðsæfingar áður en þeim er lokið.

14. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviæfingar. Auk hans eru í lögreglusveitinni hreppstjóri, og ennfremur menn, er lögreglustjóri ákveður til þess. Lögreglustjóri ákveður skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hennar og hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að viðhalda góðri reglu við eldsvoða, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, er brennur eða flytji þaðan neitt í burt.

15. gr.

Það er skylda hvers eins, sem er viðstaddur eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjóri krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum hans.

IV. KAFLI.

Um vatnstöku.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til að slökkva eld, hvar sem slökkviliðsstjóri álitur hagkvæmast að ná því. Við slökkviliðsæfingar skal nota sjó og vatn úr þeim brunnum, sem lítið eða ekkert eru notaðir til að taka neyzluvatn úr.

17. gr.

Skylt er sérhverjum húseiganda, þar sem vatnsleiðsla er, að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum úr húsi hans til að slökkva með eld, og má enginn leggja tálmanir í veg fyrir að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu meðan verið er að slökkva eldsvoða.

18. gr.

Ef hús brennur þar sem lítið er vatn, og ekki næst í sjó, skal sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til að flytja vatn, og leyfa að vatnið sé tekið á lóð hans eða annara, sem hann hefir umráð yfir. Ef lánuð tæki tynast eða skemmast, skal það að fullu bætt úr hreppssjóði.

V. KAFLI.

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

19. gr.

Brunamálanefnd skal á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í hverju húsi hreppsins, og líta eftir að reykháfar hafi verið tilhlýðilega vel hreinsaðir, svo og aðgæta hvort púður og önnur eldfim efni séu geymd svo sem vera ber, samkvæmt lögum um brunamál nr. 85, 28. nóv. 1907. Komi það í ljós við skoðun að einhverju sé ábótavant í þessu, skal nefndin gera þær ráðstafanir, er hún álitur fulltryggar, og skulu hlutaðeigendur bæta úr því, eins og þeim er lagt fyrir, eftir hæfilegan frest, ella kærðir fyrir lögreglustjóra.

VI. KAFLI.

Ýmsar varúðarreglur, til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Það er skylda hvers og eins, er verður eldsvoða var, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað.

21. gr.

Á götum, milli húsa, görðum eða annarsstaðar á almannafæri, má ekki setja opnar hlóðir til eldunar, nema með leyfi slökkviliðsstjórans, og ákveður hann þá hvernig eldsstæðið skuli útbúið og hvernig varúðarreglna sé gætt.

22. gr.

Eldivið, steinkol, mó og timbur má ekki hafa fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar, og því aðeins, að ekki stafi veruleg eldhætta af því.

Birgðir af steinolíu, benzíni og öðrum eldfimum vökvum, skulu geymdar í húsum inni eða í mannheldum girðingum, og á þeim stað, er hreppsnefnd samþykkir. Um undanþágu frá þessu fer eftir lögum um brunamál.

23. gr.

Þar, sem geymdar eru birgðir af eldfimum vökvum, í smíðahúsum og verkstæðum, setur brunamálanefnd þær varúðarreglur um meðferð elds, er hún telur fulltryggar, í samráði við hreppsnefnd.

VII. KAFLI.

Um slökkviliðið.

76

31. ágúst

24. gr.

Slökkviliði hreppsins skal skipta þannig:

1. Björgunarflokkur	2 menn.
2. Húsrífsflokkur	2 —
3. Vatnsslönguflokkur	4 —
4. Stigaflokkur	4 —
5. Dæluflokkur	4 —
6. Brunaboðar	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir ofangreinda flokka.

Björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er bruna ber að höndum, á brunastaðnum svo fljótt, sem unnt er.

Fyrsta verk hans skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust. Öllu, sem bjargað er, skal koma á öruggan stað, og fara svo vel með, sem unnt er.

Húsrífsflokkur skal rífa það, er þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu þeir ávallt hafa með sér hin ákveðnu verkfæri á brunastaðinn.

Vatnsslönguflokkur skal koma slöngum svo fyrir, að sem þægilegast sé að slökkva eldinn.

Stigaflokkur skal sjá um, að hafa stiga eftir þörfum, sjá um að þeir séu tryggilega útbúnir, og reisa þá upp þar sem þeim er fyrirskipað. Ennfremur skal hann aðstoða björgunarflokkinn, eftir fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

Dæluflokkur skal mæta við slökkvitækjahúsið, svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælur í standi, flytja þær á hentugan stað við brunann, setja þær í gang og láta þær dæla; einnig skal hann aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slanganna.

Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart, með því að þeyta brunalúðurinn. Sé það að næturlagi, skal annar fara með lúðurinn að húsi hvers liðsmanns, og blása í hann þar, þar til hann verður þess var, að fólk í húsinu hafi orðið hans vart. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja frá hvar eldurinn er. Skulu þeir að loknum útblástri mæta á brunastaðnum. Loks skulu þeir skyldir, að tilkynna slökkviafingar eftir fyrirskipan slökkviliðsstjóra.

Ofangreindir liðsmenn eru skyldir til að hlýða slökkviliðsstjóranum í starfi sínu.

25. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða og tal, gera sér sérstaklega far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

76

31. ágúst

26. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunamálareglugerð þessari, vanda um við þá, er gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

Engin forföll liðsmanna eru tekin gild, nema veikindi eða fjarvera úr hreppnum.

VIII. KAFLI.

Sektarákvæði.

28. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð Borgarnesshrepps, ef ekki liggur þyngri sekt við samkv. lögum.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Borgarnesshrepps hefir samið og samþykkt samkv. lögum nr. 85, 22. nóv. 1907, staðfestist hér með, til að öðlast gildi 1. október 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. ágúst 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Vigfús Einarsson.

77

31. ágúst

REGLUGERÐ

um

meðferð og notkun rafmagns í Suðureyrarhreppi.

1. gr.

Rafveitan er eign Suðureyrarhrepps og hefir hreppsnefnd yfirstjórn hennar á hendi; hún ræður rafveitustjóra og stöðvarstjóra.

2. gr.

Rafveitan selur rafmagn öllum, sem eru innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir, og samkv. reglugerð þessari.